



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4. tbl. 1. árg

Febrúar, mars og fram í apríl 2026

Komið þið öll sæl og blessuð!



Árið 2026 er nú gengið í garð og nemendastýrð viðtöl framundan. Í skólanum hefur allt gengið sinn vanagang eftir áramótin og á eftir viðtölunum stýttist í vetrarfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Áherslur skólaársins í Glerárskóla eru á leiðsagnarnám, á nýja aðalnámskrá/nýtt námsmat og á gæði kennslu. Auk þess höldum við okkar striki með jákvæðan aga, læsi, samskipti, Erasmus+ verkefni og eflingu hvers nemanda.

Hluti af þeirri eflingu eru einmitt nemendastýrðu viðtölin auk þess sem nemendaráð er hvatt til að vera í forsvari fyrir alla nemendur. Við höldum ótrauð áfram við að efla nemendur til að taka meiri ábyrgð á eigin námi og ýta undir frumkvæði þeirra.

Það er margt fleira framundan og má þar nefna ferð í Hlíðarfjall, Upphátt (upplestrarkeppni 7.bekkjar) að ógleymdri sjálfri árshátíð skólans.

Þar utan er skólaferðalag 10. bekkjar og þema/uppbrotsdagar í júní og að sjálfsögðu hefðbundið skólastarf sem einkennist af fjölbreyttum lærdómi, margskonar kennsluháttum, gleði, áskorunum og uppskeru.

Skólinn okkar hefur á síðustu árum vaxið bæði á faglegan hátt og einnig hvað varðar húsnæði og tæknivæðingu. Að öllum vonum verður síðan skólalóðin tilbúin þegar aftur fer að vora og svo stýttist í lokakaflann þegar C-álman verður endurgerð.

Við getum verið stolt og ánægð með skólann okkar og umhverfi hans enda er hann ekki bara fallegur heldur er innihaldið ríkt af góðum starfsháttum sem einkennast af fagmennsku starfsfólks, samstöðu og umhyggju fyrir öllum okkar mögnuðu nemendum.

Við bendum á grein sem birtist á [akureyri.is](https://www.akureyri.is) og fjallar um framkvæmdir í skólanum okkar: <https://www.akureyri.is/vid-erum-stolt-af-skolanum-okkar>

Höldum áfram að bera út boðskapinn með því að tala vel um skólann okkar allra.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk pósta frá kennurum.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Hrafnhildi og Lilju

Skipulags- og viðtalsdagar í febrúar 2026

Mánudaginn 2. febrúar verður skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag er enginn skóli og frístund er lokuð.





Þriðjudaginn 3. febrúar og miðvikudaginn 4. febrúar eru viðtalsdagar í Glerárskóla. Þá verða nemendastýrð samtöl sem nemendur, forráðamenn og umsjónarkennarar taka þátt í.

BENDUM Á AÐ ÞESSA DAGA SEM AÐRA DAGA ER SÍMAFRÍ Í GLERÁRSKÓLA FYRIR ALLA AÐILA SEM ÞANGAÐ KOMA. BIÐJUM FORRÁÐAMENN AÐ VIRÐA ÞAÐ!

Vetrarfrí og stuttur dagur

Þriðjudaginn 17. febrúar n.k. er uppbrotsdagur og skóli til kl. **12:00** nema hjá 1.-4. bekk sem eru í skóla þar til Frístund opnar kl. 13:15.
Dagana **18. - 20. febrúar er vetrarfrí** í Glerárskóla og því er enginn skóli þá daga.



Upphátt - Upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri

Upphátt, upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskólanna á Akureyri fer fram í Háskólanum á Akureyri, þriðjudaginn 10. mars 2026 kl. 14:30.
Forval innan Glerárskóla fer fram þann 27. febrúar komandi.



Mér þykir best að tala um ekki neitt, það er hið eina sem ég veit eitthvað um!

Höf: Oscar Wild

Sniðugir dagar í boði nemendaráðs

17. febrúar: Íþróttatreyjudagur.
20. mars: Litríkir, skræpóttir sokkar - Downs dagurinn.
2. apríl: Marglitur dagur - Einstakur apríl
17. apríl: Allt nema skólataska (mæta með annarskonar tösku/poka).
22. maí: Hattadagur.



Erasmus+ Skuggaferðir til Evrópu

Í janúar s.l. fóru tveir kennarar úr Glerárskóla í skuggaferð til Helsinkí í Finnlandi. Þar heimsóttu þeir skóla og fóru á ráðstefnu um skólamál en báðir þessir atburðir munu efla þá í starfi.
Fljótlega fara 4 nemendur og 2 kennarar í skuggaferð til Kaupmannahafnar í Danaveldi. Skóli verður heimsóttur auk þess sem





nemendur munu læra margt um land og þjóð. Það verður gaman að fá að heyra hvernig ferðin gengur þegar þau koma heim, fróðari og með víðari sjóndeildarhring en áður. Á vormánuðum fara síðan tveir aðrir kennara í skuggaferð til Svíþjóðar. Glerárskóli heldur áfram að vera vottaður Erasmus+ skóli því starf sem þetta er mjög gefandi og heldur okkur á tánum.

Glerárskóli í Hlíðarfjall

Þriðjudaginn 10. febrúar er áætluð ferð Glerárskóla í Hlíðarfjall.

Þeir nemendur í 5. - 10. bekk sem **eiga ekki** búnað, geta fengið hann að láni í Hlíðarfjalli en ekki verður hægt að lána nemendum í 1. - 4. bekk búnað né þeim sem eiga búnað heima.

Skráningar vegna búnaðar fóru fram í liðinni viku og ætti því að vera lokið.

Í vikunni eftir viðtalsdaga verður síðan að öllum vonum farið í Fjallið en við munum láta vita um leið og ljóst er hvort það verður hægt eða ekki vegna snjóalaga og veðurs.

Mætingar í skólann verða sem hér segir:

1. - 4. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl 11:15, þá er matur og skóla lýkur kl. 13:15 en þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur.

5. - 7. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl. 11:30 þá er matur og skóla lýkur kl. 12:00.

8. - 10. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka 11:45 þá er matur og síðan er skóla lokið.

Samvalsgreinar verða eftir hádegi.

Við minnum einnig á að nemendur verða að koma vel klæddir eftir veðri til útiveru allan morguninn og muna eftir góðu nesti.

Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur.



Félagsmiðstöð Glerárskóla - Himnaríki

Félagsmiðstöðin okkar er öruggur og skemmtilegur staður fyrir börn og unglinga eftir skóla. Við bjóðum upp á skipulagða viðburði þar sem krakkarnir fá að vaxa sem einstaklingar, eflast í félagsfærni og fá trú á eigin getu með jákvæðri þátttöku.

Gildin okkar eru: Virðing og traust, jafnrétti, öryggi og vellíðan, ábyrgð og samvinna.

Við horfum í þessi gildi svo hvert barn geti vaxið og því líði vel í félagsmiðstöðinni okkar. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt hjá okkur það sem af er vetri. Margt hefur verið á dagskrá og krakkarnir hafa verið duglegir að taka þátt. Þeir hafa líka verið að nýta sér allt það sem félagsmiðstöðin hefur uppá að bjóða, hvort sem það er borðtennis, þythokki, Playstation eða að spjalla saman um allt það sem þau eru að hugsa.

Miðstigið hefur verið einu sinni í viku og þau eru dugleg að mæta þrátt fyrir stífa dagskrá





eftir skóla hjá þeim. Unglingastigið er tvö kvöld í viku, og frá því Himnaríki hóf starfsemi í haust hafa um níuhundruð krakkar mætt á opin hús. Krakkarnir fá því líka að kynnst krökkum úr öðrum skólum og efla tengslanetið sitt enn meira.

Árshátíð Glerárskóla 2025-2026

Víkuna 23. - 27. mars 2026 verður mikið um að vera í Glerárskóla eins og alltaf vikuna fyrir páska. Árshátíðin okkar hefur alltaf verið þekkt fyrir glæsileika og engin undantekning verður á því þetta árið. Nemendur í 9. bekk hafa þegar byrjað æfingar á leikverki hátíðarinnar og aðrir bekkir fara brátt að huga að sínum atriðum. Sýningar verða líkt og venjulega á miðvikudegi og fimmtudegi en á fimmtudagseftirmiðdag og kvöldi verða árshátíðarböll nemenda.



Allt skipulag við árshátíðina er ígrundað í paula og allir nemendur og starfsmenn koma að henni á einhvern hátt. Í Glerárskóla setjum við upp glæsilega aðstöðu í íþróttahúsi til sýninga og til þess þarf margar hendur.

En það er ekki einvörðungu leiklistin sem fær að njóta sín þessa daga. Glerárskóli vill standa fyrir öflugum list- og verkgreinum auk alls þess sem bóklegar greinar og hreyfing leggja áherslu á. Þess vegna er alltaf ljóðasamkeppni og myndlistarsamkeppni í tengslum við árshátíðina auk þess sem við krýnum íþróttafólk ársins á þessum dögum. Listaverk nemenda eru síðan til sýnis á árshátíðardögum.

Árshátíðardagarnir eru því stór hluti af skólasýn Glerárskóla: **HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**

Nánari upplýsingar verða sendar í sér pósti til forráðamanna þegar nær dregur.

Helstu atburðir í febrúar til júní 2026

Febrúar 2026	
2. febrúar	Skipulagsdagur - skólafrí - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
3. febrúar	Viðtalsdagur - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
4. febrúar	Viðtalsdagur - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
10. febrúar	Hlíðarfjall (sjá ofar)
18.- 20. febrúar	Vetrarfrí - nem. og starfsfólk í skólafrí
Mars 2026	
10. mars	Upphátt - upplestrarkeppni 7. b. grunnskóla Akureyrar
23. - 27. mars	Árshátíðarvika Glerárskóla
28. mars	Páskafrí hefst
Apríl 2026	



7. apríl	Skóli hefst skv. stundaskrá eftir páskafrí
23. apríl	Sumardagurinn fyrsti - skólafrí
Maí 2026	
1. maí	Verkalýðsdagurinn - skólafrí
14. maí	Uppstigningardagur - skólafrí
18.-20. maí	10. bekkur í skólaferðalagi
26. maí	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund lokuð
Júní 2026	
3. - 4. júní	Þemadagar - Skóla lýkur kl. 12:00 þá opnar frístund fyrir nemendur
5. og 8. júní	Uppbrotisdagar - Útivist - Skóla lýkur kl. 13:15
9. júní	Skólaslit - Frístund opin fram að skólaslitum hjá 1. - 4. bekk

Gæði kennslu í Glerárskóla

Fagmennska og faglegir kennsluhættir eru í hávegum hafðir í Glerárskóla. Á skólaárinu hafa kennarar unnið að því að aðlaga nám, kennslu og námsmat að nýrri aðalnámskrá en það er vinna sem mun halda áfram næstu árin eins og margir hafa heyrt í samfélagsumræðunni.

Kennarar hafa líka verið að vinna með gæði kennslu og á komandi vikum og mánuðum verður farið í að skoða, velta vöngum og bæta það sem við getum gert betur og snertir kennsluhættina okkar.

Kennarar vinna saman að því að aðstoða hvern annan ef á þarf að halda til að gera gott betra og Gæðaráð vinnur með niðurstöður úr heimsóknum og samtölum til að við náum sem bestum árangri.

Eins og við vitum getum við alltaf gert gott betra og það er stefnan í okkar skóla að halda alltaf áfram að bæta okkur, enda er framúrskarandi skólastarf í Glerárskóla.



Þemadagar í maí

3. og 4. júní eru þemadagar í Glerárskóla. Það eru list- og verkgreinakennararnir okkar sem halda utan um þemadagana og sjá til þess að allt skipulag fylgi markmiðum og leiðum sem efla þroska og nám nemenda. Þessa daga er skóli til kl. 12:00 en eftir það er Frístund opin. Allt nánara skipulag kemur þegar nær dregur.





Pekking án visku líkist útpynntri súpu!


Björn Gunnlaugsson

Bílastæði við Glerárskóla

Nú viljum við rifja upp hvernig við nýtum bílastæði sunnan Glerárskóla.

Gott er að fylgja eftirfarandi:

1. Á sleppisvæðinu er gert ráð fyrir að bílar stöðvi ekki lengi heldur sé það nýtt til að hleypa nemendum út/inn.
2. Þegar leggja þarf í lengri tíma á að nota bílastæðin en leggja ekki þvert fyrir aftan aðra bíla né á eyjum, gangstéttum, við ruslagáma eða í aðkeyrslu heim að skólanum. **Það eru ekki bílastæði.**
3. Akstur inn að skólanum er bannaður nema fyrir fatlaða og vöruflutninga en þeir aðilar hafa aðgengi gegnum hlið.
4. Aka á inn á bílastæðið við Árholt og út af bílastæði við Klappir, alls ekki öfugt því það skapar mikla hættu.



Þess má að lokum geta að gott er að nota bílastæði ofan við leikskólann Klappir en þaðan er auðveld leið að Glerárskóla í gegnum vindanddyri.

Reynum okkar besta til að börnin okkar séu örugg við skólann sinn og hjartans þakkir fyrir samvinnuna.

Byrjendalæsi í Glerárskóla

Glerárskóli hefur til margra ára nýtt Byrjendalæsi sem lestrarkennsluaðferð í yngri bekkjum skólans.

Byrjendalæsi er samvirk nálgun í læsiskennslu barna 1. - 3. bekk. Nemendur læra fyrst bókstafina og hljóð þeirra og tengja þá síðan í orð og orð í setningar og þær síðan í merkingabærar heildir.

Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar og gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Kennsluaðferð þessi í læsi felur í sér nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatt læsis. Ennfrekar eru sértækir þætti tungumálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. (MSHA, Byrjendalæsi, rannsókn á innleiðingu og aðferð (2017))





Skólinn hefur sýnt metnað í að mennta kennara til að aðferðin nýtist nemendum sem allra best og hefur verið í nánú samstarfi við MSHA og fengið frá þeim ráð og eftirlit. Glerárskóli er einn af þeim skólum sem tekið hefur þátt í rannsóknum á lestraraðferðinni og síðast nú í janúar var gerð úttekt á kennsluaðferðinni á vegum háskólans. Það er skemmst frá því að segja að skólinn okkar kemur gífurlega vel út og að hér blómstra nemendur í þeim aðferðum sem við nýtum okkur til að ná árangri. Kennararnir okkar eru sérfræðingar og öðrum til fyrirmyndar í vinnubrögðum. Við leggjum mikla áherslu á læsi í Glerárskóla, erum stolt af því að vera byrjendalæsissskóli og munum halda áfram á þeirri braut á meðan árangurinn skilar góðu.

Ástundunarskráningur hjá nemendum

Til upprifjunar:

Allar leyfisbeiðnir þurfa að fara í gegnum umsjónarkennara eða stjórnendur, jafnvel þó þær séu fyrir stuttan tíma. Ef óskað er eftir leyfi í þrjá daga eða fleiri þarf að senda leyfisbeiðni. Eyðublað má finna á heimasíðu skólans. Veikindi skal tilkynna hvern dag eða skrá þau beint inn á Mentor.



UFA keppni í 4. - 7.bekk grunnskólanna á Akureyri

Dagana 19. - 22. maí komandi verður UFA með keppni í Boganum fyrir 4.- 7. bekk í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar. Keppt verður í ýmsum íþróttagreinum en gleði og keppnisskap ráða ríkjum þessa daga. Þó alltaf sé gaman að vinna snýst þátttökan um að vera með, hafa gaman og gleðjast ef vel tekst til. Allar nánari upplýsingar koma síðar.



Frístund Glerárskóla

Markmið okkar í frístund Glerárskóla er að bjóða upp á öruggt, skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf fyrir börn þar sem löggö er áhersla á vináttu, virkni og leik. Við viljum skapa skapandi og öruggt umhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín og þroskast. Í frístund fá börn tækifæri til að losa um hreyfi-, leikja- og sköpunarþörf sína. Þó að frístund byggji fyrst og fremst á frjálsum leik er starfið unnið eftir skipulagðri dagskrá með áherslu á uppeldislegt gildi. Það hefur verið mikið fjör í frístund í vetur þar sem krakkarnir hafa staðið sig mjög vel og starfsfólk sér þau vaxa með hverjum deginum.

Á myndum: *Stuð og stemmning á handboltaleik Íslands og Slóveníu.*





Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 nema á föstudögum frá 7:45 - 14:00.

Í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

